

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
132. fundur.

Miðvikudaginn 17. apríl 2013 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Skýrsla sveitarstjóra.**
2. **Fundargerðir:**
 - a) Hússtjórnar Húnavers, dags. 26.febrúar 2013.
 - b) Starfshóps um dreifnám í A-Hún, dags. 02. apríl 2013.
 - c) Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 25. febrúar 2013.
 - d) Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 11. mars 2013.
 - e) Markaðsstofu Norðurlands. dags 13. mars. 2013.
 - f) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 22. mars 2013.
3. **Ársreikningur Húnavatnshrepps 2012, fyrri umræða.**
Kristján Jónasson endurskoðandi sveitarfélagsins kynnir ársreikninginn.
4. **Nýjar samþykktir um stjórn og fundarsköp Húnavatnshrepps. Seinni umræða.**
5. **Síðareglur kjörinna fulltrúa í Húnavatnshreppi.**
6. **Kjörskrá vegna Alþingiskosninga 27. apríl 2013.**
7. **Bréf:**
 - a) Frá Sigursteini Bjarnasyni f.h. Sjálfseignastofnunar Eyvindarstaðaheiðar, dags. 25.01.2013.
 - b) Frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf, dags. 26.03.2013.
 - c) Frá Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur, dags. 19.03.2013.
 - d) Frá Ungmennafélagi Íslands, dags. 02.04.2013
8. **Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00
Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á boðaðri dagskrá: Erindi frá Blönduósbæ dags. 21. 03. 2013, tekið fyrir undir dagskrárlíð 7e). Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 10. 04. 2013, tekið fyrir undir dagskrárlíð 7f). Erindi frá Umhverfisstofnun dags. 08. 04. 2013, tekið fyrir undir dagskrárlíð 7g)

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Rætt um undirbúning vegna sveitarfundar sem verður á Húnavöllum þriðjudaginn 23. apríl n.k.

Lagt fram erindi um útfærslu á tveim atriðum sem ábúendur á Reykjum óska eftir að fá breytingu á í kauptilboði. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

Veitt var heimild til kaupa á ísskáp í Dalsmynni, kostnaður ca 80 þús. kr.

Þann 9. apríl sat sveitarstjóri fund með vegamálastjóra og rekstraraðilum í ferðaþjónustu við Kjalveg, þar sem fjallað var um viðhald á Kjalvegi í sumar og möguleika á að koma endurbótum á Kjalvegi inn á vegaáætlun.

Sveitarstjóri sat samráðsfund Skipulagsstofnunar sem fram fór dagana 11 og 12 apríl í Rvík. Þar var m.a. til umfjöllunar ný reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Fyrir fundinum liggja tvær umsóknir Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku. Umsóknirnar verða afgreiddar í samráði við Skipulagsstofnun og samkvæmt nýrri reglugerð.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

132. fundur.

Fundur kjarasviðs Sambands ísl. Sveitarfélaga verður haldinn á Blönduósi 24. apríl nk. mikilvægt er að fulltrúar í sveitarstjórn sitji fundinn.

Lagt fram erindi frá ISAVIA dags. 09.04.2013, skv. ákvæði í 10. gr.flugvallareglugerðar 464/2007, þar sem óskað er eftir staðfestingu Húnavatnshrepps fyrir leyfi til að reka flugvöllinn á Hveravöllum . Hreppsnefnd samþykkti erindið.

Vegagerðin hefur staðfest umsókn Húnavatnshrepps um styrkvegafé. Umsóknir verða sennilega afgreiddar í lok maí.

Aðalfundur Textílseturs Íslands verður haldinn í Kvennaskólanum á Blönduósi 23. apríl 2013 kl. 14,30.

Veruleg röskun varð á síðustu sorphirðu frá lögbýlum í sveitarfélaginu vegna þungatakmarkana á vegum. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fékkst ekki undanþága fyrir sorpbílinn. Þetta hafði í för með sér talsverð óþægindi fyrir íbúa, sem gera ráð fyrir sorphirðu samkvæmt útgefnu dagatali þar um. Nú hefur þungatakörkunum verið aflétt í bili.

2. Fundargerðir:

a) Hússtjórnar Húnavers, dags. 26.febrúar 2013.

Ársreikningar Húnavers vegna 2011 og 2012 liggja fyrir til umfjöllunar í hússtjórn Húnavers. Lögð fram til kynningar.

b) Starfshóps um dreifnám í A-Hún, dags. 02. apríl 2013.

Lögð fram til kynningar.

c) Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 25. febrúar 2013.

Lögð fram til kynningar.

d) Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 11. mars 2013.

Lögð fram til kynningar.

e) Markaðsstofu Norðurlands. dags 13. mars. 2013.

Lögð fram til kynningar.

f) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 22. mars 2013.

Lögð fram til kynningar.

3. Ársreikningur Húnavatnshrepps 2012, fyrri umræða.

Kristján Jónasson endurskoðandi sveitarfélagsins kynnti ársreikning Húnavatnshrepps 2012, sundurliðun ársreiknings og endurskoðunarskýrslu, ásamt ársreikningi Auðkúluheiðar ehf og Fasteigna Húnavatnshrepps ehf .

Fram kom að rekstrartekjur á árinu í A-hluta sveitarstjóðs voru 321,8 millj. kr. Rekstrargjöld voru alls 306.6 millj. kr. Rekstrarniðurstaða án fjármagnstekna og gjalda var jákvæð um 15,2 millj.kr.

Fjármagnsgjöld voru 6,9 millj kr. og söluhagnaður rekstrarfjármuna 1,8 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarstjóðs var jákvæð um 10,1 millj. kr. Rekstrarniðurstaða B-hluta sveitarstjórd var jákvæð um 800 þús. kr.

Samþykkt var að vísa ársreikningunum til síðari umræðu.

4. Nýjar samþykktir um stjórn og fundarskóp Húnavatnshrepps. Seinni umræða.

Fyrirliggjandi drög að nýjum samþykktum fyrir Húnavatnshrepp voru yfirfarin og samþykkt í heild. Sveitarstjóra var falið að senda samþykktirnar til staðfestingar í Innanríkisráðuneytinu.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
132. fundur.

5. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Húnavatnshreppi.

Siðareglurnar voru yfirfarnar og vísað til síðari umræðu í hreppsnefnd.

6. Kjörskrá vegna Alþingiskosninga 27. apríl 2013.

Fyrir fundinum lá kjörskrárstofn í Húnavatnshreppi vegna Alþingiskosninga þann 27. apríl n.k. Kjörskrárstofn byggir á íbúaskrá þjóðskrár 23. mars 2013. Á kjörskrá eru alls 309 einstaklingar, 130 konur og 179 karlar.

Hreppsnefnd samþykkti kjörskrárstofn sem kjörskrá í sveitarfélaginu með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Sveitarstjóra var falið að ganga frá kjörskrárstofni og undirrita sem kjörskrá.

Kjörskrá Húnavatnshrepps mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að Húnavöllum frá 17. apríl til kjördags.

7. Bréf:

a) Frá Sigursteini Bjarnasyni f.h. Sjálfseignastofnunar Eyvindarstaðaheiðar, dags. 25.01.2013.

Efni: Leitað er eftir fjárstuðningi hjá Húnavatnshreppi til að mæta útgjöldum sem Sjálfseignarstofnun Eyvindarstaðaheiðar hefur orðið fyrir vegna þjóðlendukrafna ríkisins.

Hreppsnefnd samþykkti að fresta afgreiðslu erindisins og fól sveitarstjóra að afla frekari upplýsinga um málið.

b) Frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf, dags. 26.03.2013.

Efni: Arðgreiðsla vegna ársins 2012 að upphæð 624.240 kr.

Lagt fram til kynningar.

c) Frá Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur, dags. 19.03.2013.

Efni: Varðar styrkumsókn til Minjastofnunar vegna húskönnunar í dreifbýli, þar sem gerð er sjónlistarleg og byggingarlistarleg skoðun, greining, úttekt, mat og skráning, sem er studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda þannig að yfirsýn yfir byggingararf viðkomandi svæðis á ákveðnu tímabili fáiast.

Hreppsnefnd samþykkti að sækja um styrk til Minjastofnunar vegna næsta árs.

d) Frá Ungmennafélagi Íslands, dags. 02.04.2013.

Efni: Ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði.

Til kynningar.

e) Frá Blönduósbæ, dags. 21. 03. 2013.

Efni: Sameiginlegur fundur sveitarstjórna í Austur-Húnavatnssýslu.

Til kynningar.

f) Frá Skipulagsstofnun, dags. 10. 04. 2013.

Efni: Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar. Beiðni um umsögn á tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Tillaga að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum virkjana á veituleið Blönduvirkjunar er lögð fram til kynningar. Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn frá Húnavatnshreppi um tillöguna fyrir 30. apríl n.k.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
132. fundur.

Hreppsnefnd hefur ekki haft tækifæri til lesa yfir tillöguna. Óskað hefur verið eftir fresti fram yfir næsta fund Hreppsnefndar til að skila inn umsögn og hefur Skipulagsstofnun orðið við því. Tillagan verður til umfjöllunar á næsta fundi hreppsnefndar.

g) Frá Umhverfisstofnun, dags. 08. 04. 2013.

Efni: Tillaga umhverfisstofnunar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Ásamt skilabréfi samstarfsnefndar um stækkun friðlandsins.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkti fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

8. Önnur mál.

Umræður án bókana.

Fleira ekki gert .
Fundu slitið kl. 17,15

Þóra Sverrisdóttir

Jón Gíslason

Jakob Sigurjónsson

Guðmundur R. Halldórsson

Magnús R. Sigurðsson

Gísli Hólm Geirsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen